

1976 nr. 82 31. maí**Lög um norræna vitnaskyldu**

Tóku gildi 1. júlí 1998, sbr. augl. 266/1998. *Breytt með:* L. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991). L. 91/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Hinir almennu dómstólar geta kvatt menn, sem orðnir eru 18 ára og búsettir eru eða dveljast í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, til vitnisburðar fyrir dómi hér á landi.

□ Við yfirheyrslur skal fara eftir ákvæðum . . . ¹⁾ laga . . . ¹⁾ um meðferð einkamála . . . ²⁾ eða . . . ¹⁾ laga . . . ¹⁾ um meðferð [sakamála],³⁾ nema annað leiði af 2.–8. gr. þessara laga.

¹⁾ L. 19/1991, 194. gr. ²⁾ L. 91/1991, 161. gr. ³⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 2. gr.

□ Vitnastefnu má því aðeins gefa út, að telja verði, að vitnisburður kunni að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls, og það hafi verulega þýðingu, að vitni beri vætti fyrir dómi hér á landi.

□ Við mat á þessu ber að taka tillit til þess, hversu mikilvægt málið er og hvort þingsókn muni hafa veruleg óþægindi í för með sér fyrir vitni.

□ Einungis í undantekningartilvikum verður vitni stefnt til að bera vætti fyrir öðrum dómstóli en þeim, er dæma skal málið.

■ 3. gr.

□ Hlutaðeigandi dómstóll gefur út vitnastefnur.

□ Í stefnu skal geta stefnufrests og hvaða viðurlögum megi beita, ef vitni mætir ekki. Dómstóllinn ákveður stefnufrest.

■ 4. gr.

□ Í einkamálum getur dómstóll . . . ¹⁾ skyldað vitni til að hafa með sér og sýna eða leggja fram skjöl, sem vitnið hefur ráð yfir.

□ Í refsímálum getur dómstóll . . . ²⁾ skyldað vitni, svo og þann, sem brotið er gegn í refsímáli, til að hafa með sér til sýningar eða framlagningar sakargögn, sem vitnið hefur ráð yfir.

□ Ef unnt er, skal gefa vitni tækifæri til að tjá sig, áður en úrskurðað er um skyldu þess til að leggja fram skjál.

□ Nú lætur vitni undir höfuð leggjast, án lögmaetra ástæðna, að hafa með sér skjál, og verður þá einungis beitt þeim viðurlögum, sem [mælt er um í lögum um meðferð einkamála].¹⁾

□ Beita skal ákvæðum 1. mgr. 5. gr. þessara laga eftir því sem við á.

¹⁾ L. 91/1991, 161. gr. ²⁾ L. 19/1991, 194. gr.

■ 5. gr.

□ Eigi verður vitni krafð vættis, ef það bryti í bága við ákvæði . . . ¹⁾ laga . . . ¹⁾ um meðferð einkamála . . . ²⁾ eða ákvæði . . . ¹⁾ laga . . . ¹⁾ um meðferð [sakamála],³⁾ eða sams konar ákvæði í því landi, þar sem vitni er búsett.

□ Í [sakamálum]³⁾ (refsímálum) má kveðja þann, sem brotið hefur verið gegn, fyrir rétt til yfirheyrslu skv. ákvæðum þessara laga. Ef þeir, sem brotið er gegn, eru búsettir í Finnlandi eða Svíþjóð, verða þeir ekki beittir viðurlögum, þótt þeir neiti að bera vitni, og eigi verður þeim heldur refsáð fyrir rangan framburð.

¹⁾ L. 19/1991, 194. gr. ²⁾ L. 91/1991, 161. gr. ³⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 6. gr.

□ Ef vitni sem ekki dvelst hér á landi, mætir ekki án lögmaetra forfalla, eða boðar ekki forföll í tæka tíð, getur dómstóll aðeins dæmt það í sektarrefsingu og til að greiða þann kostnað, sem útivist þess hefur haft í för með sér.

■ 7. gr.

□ Meðan vitni dvelst hér á landi til að fullnægja vitnaskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga, verður það ekki látið sæta ábyrgð fyrir refsiverðan verknað, sem það hefur framið fyrir för sína hingað til lands. Eigi verður það heldur framselt til þriðja lands í þessu skyni.

□ Þessi regla gildir þó ekki, ef vitni gefur í réttarhaldi samþykki sitt til ákæru, afplánunar refsingar eða til framsals, eða ef vitni dvelst meira en 15 daga hér á landi eftir að hafa fullnægt vitnaskyldu, enda hafi það óhindrað getað farið úr landi.

■ 8. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur reglur²⁾ um greiðslur til vitna, sem stefnt er til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

□ Um leið og vitnastefna er birt, ber að bjóða vitni þær greiðslur, sem það á rétt á til að standa straum af ferða- og dvalarkostnaði, eða hæfilega fyrirframgreiðslu í þessu skyni.

□ Greiðslur þessar skulu inntar af hendi fyrir fram af almannafé.

¹⁾ L. 126/2011, 71. gr. ²⁾ Rg. 267/1998.

■ 9. gr.

□ Ákvæðum 1.–7. gr. þessara laga skal beita eftir því sem við á gagnvart aðiljum í barnsfæðernismálum og í hjúskaparmálum, ef dómur telur brýna nauðsyn til þess að yfirheyra aðilja til þess að ákveða hvoru foreldri beri forræði barns.

□ Dómur getur ákveðið, að aðiljum þessum sé greitt í samræmi við ákvæði 8. gr.

■ 10. gr.

□ Beita skal ákvæðum 4. gr., 5. gr. og 7. gr. gagnvart þeim, er mæta óstefndir sem vitni eða aðiljar í þeim málum, sem getið er í 9. gr.

■ 11. gr.

□ Þeir, sem orðnir eru 18 ára gamlir og hafa búsetu hér á landi eða dveljast hér eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eru skyldugir til að gefa skýrslu fyrir rétti í þessum löndum í samræmi við þær reglur, sem um þetta gilda í hlutaðeigandi landi.

□ Sama regla gildir um þá, sem dveljast hér á landi, en hafa búsetu í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

■ 12. gr.

□ Sé þess krafist, má hér á landi fullnægja dómi, sem gerir manni að greiða skaðabætur vegna útivistar eða annarrar vanrækslu, enda sé dómurinn kveðinn upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt lögum hlutaðeigandi lands um norræna vitnaskyldu.

□ Við fullnustu á dómum þessum eða úrskurðum skal fara eftir ákvæðum í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30 23. júní 1932.

■ 13. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ ákveður, hvenær lög þessi taka gildi. Ákveða má, að lög þessi taki einungis gildi gagnvart einu eða fleirum þeirra landa, sem upp eru talin í 1. gr.²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 108. gr. ²⁾ Lögin tóku gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð þann 1. júlí 1998, sbr. augl. 266/1998.